



skógræktin
ICELANDIC FOREST SERVICE

**Skilta- og
merkjahandbók**

Um skiltahandbókina

Handbók þessi er unnin af Skógræktinni að danskri fyrirmynd og ætlað sem innanhússplagg.

Skiltahandbókin er leiðbeinandi rit um merkingar Skógræktarinnar í þjóðskógum, við starfstöðvar og aðra staði í umsjón eða eigu stofnunarinnar. Tilgangur handbókarinnar er að tryggja samræmingu merkinga og gefa nákvæmar upplýsingar um stærðir, útlit og eiginleika merkinganna.

Miðstöð merkinga

Skógarverðir í hverjum landsfjórðungi bera ábyrgð á merkingum á sínu svæði en miðstöð merkingamála er hjá skógarverðinum á Hallormsstað. Hann hefur yfirumsjón með öllum merkingum í þjóðskógunum til að tryggja samræmi.

Auk þess sér skógarvörðurinn á Hallormsstað um að panta þá hluta merkinga sem þarf frá Danmörku.

Aðrir skógarverðir taka saman hvað þeir þurfa af merkingum fyrir sitt svæði og leggja inn pöntun hjá skógarverðinum á Hallormsstað.

Litir

Litir Skógræktarinnar eru tveir:



Dalarauður

Flugger, litanúmer:
U 558, stofn U6
Pantone: 484 EC



Skógargrænn

Kjörvari, litanúmer:
MAL grænn 581
Pantone: 3415 M

Notið alltaf rétta liti samkvæmt númerum. Ekki treysta eingöngu á augað.

Letur

Á öllum skiltum í þjóðskógunum skal nota letrið Optima.

Fánar

Skógarverðir flagga fána Skógræktarinnar við allar starfstöðvar, allt árið um kring. Auk þess er fána stofnunarinnar flaggað við þjóðskógana þegar þar eru viðburðir, s.s. skógardagar, tónleikar eða sýningar.

Íslenska fánanum er flaggað við hátiðleg tækifæri.

Merki (lógó)

Merki Skógræktar ríkisins er hannað af Halldóri Birni Halldórssyni.

Tvær meginútgáfur eru af merki Skógræktarinnar, lárétt og lóðrétt. Í flestum tilfellum skal nota lárétta útgáfu merkisins. Lóðrétt útgáfa notist í þeim tilvikum þegar láréttri útgáfu verður ekki komið fyrir svo vel sé. Merki Skógræktarinnar má nota án texta í undantekningar-tilfellum, svo sem við merkingu fatnaðar eða farartækja. Einnig má nota merkið sem grafískt element í bakgrunni.

Merkið má nota í eftirfarandi litaútfærslum:

- A. Merki grænt, letur svart á hvítum grunni.
- B. Merki og letur svart á ljósum grunni eða ljósmynd.
- C. Merki og letur grænt. Notist á fatnað eða í öðrum tilvikum þegar tvílitaprentun er ekki möguleg.
- D. Merki og letur hvítt á dökkum grunni eða ljósmynd.

Notkun í öðrum litum eða útfærslum er ekki heimil.



skógræktin
ICELANDIC FOREST SERVICE




skógræktin
ICELANDIC FOREST SERVICE



skógræktin
ICELANDIC FOREST SERVICE

Skilti og merkingar Skógræktarinnar



Vegvísir

Lágt skilti sem vísar veginn, t.d. að skógi, trjásafni og áningarstað.

Vegvísir er til í þremur mismundandi útgáfum.

Nánar: bls. 5-6




Upplýsingastaur

Á sturnum eru myndtákn sem segja bæði til um þjónustu og hvað er bannað á svæðinu.

Myndtákn má finna á bls. 12.

Nánar: bls 7



Kortastandur

Skilti með korti af skóginum, gönguleiðum eða öðrum upplýsingum. Prentað á filmu sem límd er á álplötu.

Nánar: bls. 8



Innkomuskilti

Stærstu skiltin. Notuð við innkomu í þjóðskóg, starfstöðvar og tjaldstæði.

Innkomuskilti er einnig til með skyggni.

Nánar: bls. 9


Skilti og merkingar Skógræktarinnar



Gönguleiðastika

Spírur/girðingastaurar sem notaðir eru við gönguleiðir. Staurarnir eru heilmálaðir rauðir og toppurinn í lit gönguleiðarinnar.


Nánar: bls. 7



Kassi undir bæklinga

Kassi undir gönguleiðabæklinga er sérsmíðaður á starfstöð Skógræktarinnar á Vöglum í Fnjóskadal. Kassinn er úr rauðmáluðu timbri en framhlið hans er úr plexígléri.

Nánar: bls. 10



Hlið

Hlið eru sett upp við vegi og slóða þar sem takmarka þarf umferð og aðgang.

Tvær gerðir eru af hliði.

Nánar: bls. 12

Vegvísir (þrjár gerðir)



Vegvísir er til í tveimur mismunandi hæðum: Annar er 75 cm á hæð en hinn 100 cm. Sá hærra hentar vel þar sem snjór safnast fyrir.

Vegvísir - 1 (einfaldur) Vegvísir - 2 (tvöfaldur)

Vegvísar nr. 1 og 2 eru bæði notaðir til að vísa gestum á þjóðskógana (áður en komið er að þeim) og til að leiða gestina um skógana, veita upplýsingar um aðstöðu, þjónustu og afþreyingu.

Plötulengd skilta er 86, 96 eða 106 cm en hæð 11 cm. Láréttu borðin sem skiltaplöturnar festast á eru 15 cm á hæð, 5 cm á þykkt en 90, 100 eða 110 cm á lengd.

Mögulegt er að nota aðeins texta á skiltin en einnig að nota texta og myndtákn saman. Örvar skulu ávallt settar lengst til hægri eða vinstri eftir því hvora áttina er vísað á. Merki Skógræktarinnar skal ávallt vera vinstra megin við texta.



Vegvísir (þrjár gerðir)

Vegvísir er til í tveimur mismunandi hæðum: Annar er 75 cm á hæð en hinn 100 cm. Sá hærrí hentar vel þar sem snjór safnast fyrir.

Vegvísir - 3

Vegvísar nr. 3 eru bæði notaðir til að vísa gestum á þjóðskógana (áður en komið er að þeim) og til að merkja starfstöðvar, þjóðskóga og trjásofn.

Plötulengd skilta er 86, 96 eða 106 cm en hæð 11 eða 24 cm. Láréttu borðin sem skiltaplöturnar festast á eru 15 cm á hæð, 5 cm á þykkt en 90, 100 eða 110 cm á lengd. Tvö slík borð þarf fyrir hærrí skiltaplöturnar (24 cm) og eru 2 cm milli borða.

Mögulegt er að nota aðeins texta á skiltin en einnig að nota texta og myndtákn saman. Örvar skulu ávallt settar lengst til hægri eða vinstri eftir því hvora áttina er vísað á. Merki Skógræktarinnar skal ávallt vera vinstra megin við texta.




Upplýsingastaur

Upplýsingastaurar veita gestum þjóðskóganna m.a. upplýsingar um þjónustu, reglur og aðstöðu. Staurarnir eru t.d. notaðir við upphaf allra gönguleiða (en gönguleiðastikur eftir það).

Um röðun myndtákna á upplýsingasturnum gilda tvær reglur:

1. Merki Skógræktarinnar skal alltaf vera efsta myndtákn á sturnum.
2. Ekki skal festa fleiri en fjögur myndtákn á hverja hlið staurins.

Nánari upplýsingar um myndtákn eru á bls. 14.




Gönguleiðastika

Spírur/girðingastaurar sem notaðir eru við merktar gönguleiðir. Staurarnir eru heilmálaðir rauðir og toppurinn í lit gönguleiðarinnar.

Athugið!



Við upphaf gönguleiðar er notaður rauður upplýsingastaur en á leiðinni sjálfri er gönguleiðastikan notuð.



Kortastandur


Á kortastandinn er fest kort af þjóðskógi. Kortið er í stærðinni A2 (42,0 x 59,4 cm) og prentað á filmu sem er síðan límd á álplötu. Platan er svo fest við standinn í 45° halla.

Kortastandinn má einnig nota þar sem sýna þarf afmarkað svæði innan þjóðskógar, s.s. gönguleiðir, trjásafn eða tjaldsvæði.



Innkomuskilti


Innkomuskilti er staðsett við innkomu í þjóðskóg. Efst á skiltinu er merki (lógó) Skógræktarinnar. Fyrir neðan er heiti skógarins og þar undir „þjóðskógur“. Annað sem fram kemur á skiltinu er m.a. kort af skóginum, upplýsingar um helstu starfstöðvar, þjónustu og kennileiti.



Kassi undir bæklinga

Kassi undir gönguleiðabæklinga er sérsmíðaður fyrir Skógræktina á Vöglum.



Kassinn er smíðaður úr tré, málaður dalarauður en framhlið hans er úr plexígléri.



Hlið (tvær gerðir)

Hlið eru sett upp við vegi og slóða þar sem takmarka þarf umferð og aðgang.

Tvær mögulegar gerðir eru af hliði: Það efra er sterkbyggt og lokast með þverslá. Það neðra er einfaldara og lokast með keðju.



Myndtákn (bann- og þjónustumerki)

Skógarvörðurinn á Hallormsstað pantar myndtáknin frá Danmörku. Aðrir skógarverðir leggja inn pöntun hjá honum.


Ef þörf er fyrir myndtákn sem ekki eru hér til hægrí, hafið samband við skógarvörðinn á Hallormsstað.



Merkingar í trjásöfnum

Tré og trjálundir í trjásöfnum
Skógræktarinnar eru merktir svona:
Niðsterk plastfilma er límd á álplötu
og platan er skrúfuð á rauðan tréstaur
með hallandi toppi. Staurinn er 20-80
cm á hæð (eftir aðstæðum). Hann er
grafinn niður með þverspýtu, fyllt er
upp með góðri drenmöl.

Letur á filmunni er Din-Bold í þremur
stærðum: 27 pt í fyrirsögn, 18 pt í heiti
tegundar og 23 pt í gróðursetningar-
ári.



Skilti og merkingar annarra í þjóðskógunum

Ekki skal setja upp þjónustuskilti annarra í þjóðskógunum án samráðs við skógarvörð. Skilti annarra þjónustuaðila í skóginum skulu vera í sama stíl og skilti Skógræktarinnar.

Hér má sjá dæmi úr Hallormsstaðaskógi.

